

Alþingi
Erindi nr. P 136/599
komudagur 18.12.2008

Umsögn

frá 2. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Þau ákvæði laganna sem falla undir félags- og tryggingamálanefnd varða verulega skerðingu sem lögð er á herðar eldri borgara og öryrkja og nýbakaðra foreldra. 2. minni hluti telur ófært að leggja mat á þær tillögur þar sem engar forsendur hafa komið fram varðandi þá útreikninga sem liggja að baki þessum sparnaðartillögum auk þess sem ekki hefur verið gerð grein fyrir eða sýnt fram á með heildstæðum hætti hvaða áhrif allar þær niðurskurðaraðgerðir sem nú eru að koma fram á síðustu dögum fyrir jólaleyfi Alþingis hafa í för með sér fyrir fjölskyldurnar í landinu, hvað þá að fyrir liggi mat á þeim varðandi einstaka hópa samfélagsins. Ríkisstjórnin og/eða einstakir ráðherrar hennar hafa heldur ekki lagt fram upplýsingar og útreikninga svo þingmenn geti lagt sjálfstætt mat á þær. Þá er tíminn sem gefinn er til afgreiðslu allra þeirra niðurskurðartillagna sem varða beint rekstur fjölskyldna í landinu fullkomlega óásættanlegur þar sem hver neyðarlögin reka önnur. Niðurskurðarhnífnum virðist því í besta falli ómarkvisst beitt án tillits til aðstæðna mismunandi hópa samfélagsins.

Gert er ráð fyrir stóru aukinni þátttöku sjúklinga vegna þjónustu heilbrigðiskerfisins og gert er ráð fyrir að sækja 4,9 milljarða kr. ofan í vasa eldri borgara og öryrkja. Nýbakaðir og verðandi foreldrar verða af 3-400 millj. kr. vegna lækunar heildargreiðslna í fæðingarorlofi. Alvarlegar athugasemdir voru á fundi nefndarinnar gerðar við niðurskurð og afturköllun nýrra reglna um frítekjumark og vísitölubindingu lífeyrisgreiðslna til eldri borgara og öryrkja. Þær nýju reglur sem hér væru lagðar til væru alvarlegasta atlagu sem gerð hefði verið að lífeyrissjóðakerfinu og gætu gengið af því dauðu enda eru þær hvatning um að menn hætti þátttöku í lífeyrissjóðskerfinu. Þá hafa boð til ríkisstjórnar um aðstoð við að finna betri lausnir sem skila sama árangri ekki verið þegnar.

Annar minni hluti félags- og tryggingamálanefndar getur ekki lagt mat á þau ákvæði sem til skoðunar komu í nefndinni vegna skorts á framangreindum upplýsingum en minnir á að lífeyrissjóðskerfið og fæðingarorlofsreglur hérlendis hafa verið fyrirmynd annarra þjóða sem horft hafa með aðdáun á þá uppbyggingu og þann árangur sem hér hefur náðst á þessum sviðum. Þessi rós sem Íslendingar hafa haft í sínu hnappagati er nú að visna upp og deyjja í meðförum þess meiri hluta sem nú situr á Alþingi.

Alþingi 17. des. 2008.

Helga Sigrún Harðardóttir